

A 1868/tilväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**þingmannatillögu
um norræna áætlun um háhraðajárnbrautir**

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún kanni forsendur fyrir samnorrænni áætlun um háhraðajárnbrautir út frá fjárhagslegum hagnaði og loftslagsávinningi sem betur þróað og samþætt háhraðajárnbrautanet hefði í för með sér.

Skýring

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún kanni forsendur fyrir samnorrænni áætlun um háhraðajárnbrautir út frá fjárhagslegum hagnaði og loftslagsávinningi sem betur þróað og samþætt háhraðajárnbrautanet hefði í för með sér. Þessu til rökstuðnings er vísað til þess að víða um Evrópu er unnið að gerð áætlana um háhraðalestir. Enn fremur að á Norðurlöndum er mikil þörf og sóknarfæri fyrir bættar járnbrautarsamgöngur því æ fleiri íbúar kjósa aðra valmöguleika en flug, og atvinnulífið óskar eftir betri og stöðugri vöruflutningum milli landanna.

Vísað er til fyrri norrænna verkefna um háhraðajárnbrautir. Bent er á að samstöðu með norrænu samgöngumálaráðherrunum skorti til að finna málinu farveg. Sú könnun sem lýst er eftir gæti verið góð byrjun á nánara samstarfi og skref í áttina að samnorrænni samgönguáætlun.



Sögulega séð eru járnbrautarsamgöngur á Norðurlöndum reglulega á dagskrá Norðurlandaráðs. Til dæmis samþykkti [Norðurlandaráð tilmæli árið 2015](#) til dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna um félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar og forsendur háhraðalesta á leiðinni Ósló–Kaupmannahöfn. Við það tilefni svöruðu viðkomandi ríkisstjórnir að þær litu jákvæðum augum verkefni sem geta bætt samgöngur á leiðinni Ósló–Gautaborg–Kaupmannahöfn og á þann hátt tengt löndin nánari böndum. Í svarinu frá ríkisstjórnunum frá þeim tíma er einnig að finna lýsingu á yfirstandandi verkefnum en snemma í svarinu kemur fram að sérstök eftirfylgni tilmælanna sé ekki á dagskrá viðkomandi ríkisstjórna.

Innan Evrópu er almennt lögð aukin áhersla á járnbrautarsamgöngur og Evrópusambandið helgar árið 2021 járnbrautarsamgöngum. Markmiðið er að vekja athygli á að járnbrautarsamgöngur eru tilvalin leið til að ná markmiðum Græna sáttmála ESB.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin veitir því eftirtekt að tillagan er í samræmi við fyrri tilmæli sem Norðurlandaráð hefur samþykkt og fellur vel að framtíðarsýninni um Norðurlönd sem sjálfbært og samþætt svæði á heimsmælikvarða. Hér er um að ræða tillögu sem getur stuðlað að skilvirkari ferðum yfir landamæri Norðurlanda, dregið úr álagi á umhverfi og loftslag og stuðlað að hagvexti og þróun.

Nefndin getur þess að þróun járnbrautarsamgangna á meginlandi Norðurlanda hefur dregist aftur úr í samanburði við mörg önnur Evrópuríki. Ein af ástæðunum er skortur á skipulagi norræns samstarfs á sviði samgöngumála.

Nefndin bendir á að reynslan sýni að það geti verið erfiðleikum bundið að skipuleggja innviðaverkefni sem teygja sig yfir mörg norræn ríki. Nefndin hefur því lagt til að ráðherranefnd um samgöngumál, sem var lögð niður 2006, verði endurreist. Tillagan nýtur víðtæks stuðnings, en því miður vilja ekki öll löndin taka þátt og það er forsenda endurreisnar.

Skorturinn á ráðherranefnd um samgöngumál ætti ekki að koma í veg fyrir að Norræna ráðherranefndin láti fram fara kannanir sem geta stuðlað að norrænu samstarfi um þróun innviða. Þvert á móti. Nefndin telur að það geri það enn brýnna að Norræna ráðherranefndin láti slík mál til sín taka.



Nefndin telur tillöguna einnig viðeigandi fyrir framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2021–2024 þar sem áhersla er lögð á rannsóknir og þróun auk þess að vinna að lausnum sem stuðla að kolefnishlutleysi og loftslagsaðlögun á meðal annars sviði samgöngumála, bygginga, matvæla og orkumála. Innan framkvæmdaáætlunarinnar er ráðstafað fjármunum sem nefndin telur að hægt væri að nota til fjármögnunar þeirrar könnunar sem tillagan lýsir eftir.

Nefndin getur þess að fyrir hendi séu norrænar stofnanir eins og Norrænar orkurannsóknir og Nordregio sem hugsanlega gætu annast könnunina. Enn fremur að hægt sé að byggja á nokkrum fyrri könnunum, þar á meðal innan verkefnisins «[The Scandinavian 8 million City](#)».

Norðurlöndum, 28. júní 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Johan Kvarnström (sd)

Lars Andersson (SD)

Lorena Delgado Varas (V)

Lulu Ranne (saf)

Nils Aage Jegstad (H)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Pål Jonson (M)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)